

Opinber öryggisfirlýsing Þingeyjarsveitar

Þingeyjarsveit leggur ríka áherslu á örugga og ábyrga meðferð upplýsinga í allri starfsemi sveitarfélagsins.

Til að styðja við það hefur sveitarfélagið innleitt upplýsingaöryggisstjórnunarkerfi (ISMS) sem byggir á alþjóðlegum stöðlum og bestu starfsvenjum opinberra aðila.

Markmið öryggisstarfsins er að tryggja trúnað, réttlæika og aðgengi upplýsinga, þannig að íbúar, starfsmenn og samstarfsaðilar geti treyst því að sveitarfélagið fari vel með gögn og upplýsingar.

Upplýsingaöryggi er hluti af reglulegri stjórnarsýslu Þingeyjarsveitar og er endurskoðað með hliðsjón af lögum, starfsemi og áhættu.